



**Stefnuskrá
Framsóknarflokksins í
Skagafirði til
Sveitarstjórnarkosninga
26. maí 2018**



Tryggjum áframhaldandi uppbyggingu fyrir Skagafjörð

**Kær kveðja,
Frambjóðendur Framsóknarflokksins**





Þetta ætlum við að gera næstu fjögur árin í **Atvinnu- menningar- og kynningarmálum**

- Áfram verði unnið að styrkingu innviða og umgjörðar í dreifbýli sem þéttbýli Skagafjarðar svo héraðið þyki aðlaðandi kostur fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fjárfesta.
- Staðinn verði vörður um opinbera starfsemi í sveitarfélaginu og sótt á stjórnvöld um frekari flutning verkefna og starfa í Skagafjörð. Brýna ber fyrir stjórnvöldum að fjölmörg störf á þeirra vegum eru óháð staðsetningu og hægt að vinna hvaðan sem er.
- Bæta þarf og stækka hafnaraðstöðu á Sauðárkróki og Hofsósi þannig að hægt sé að taka á móti stærri og fjölbreyttari skipum, þ.m.t. skemmtiferðaskipum.
- Skoðaðir verði möguleikar þess að koma á fót fiskmarkaði á Sauðárkróki.
- Reglubundið áætlunarflug til og frá Alexandersflugvelli er lykilpáttur í að tryggja samkeppnishæfni svæðisins. Tryggja þarf til framtíðar áætlunarflug til og frá Skagafirði. Jafnframt skal vinna að framgangi „skosku leiðarinnar“ í innanlandsflugi þar sem flugfargjöld eru niðurgreidd fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Innanlandsflug á að skilgreina sem almenningssamgöngur.
- Halda þarf áfram baráttunni fyrir uppbyggingu Alexandersflugvallar sem varaflugvallar fyrir millilandaflug.
- Áfram skal unnið að áformum um uppbyggingu mannaflsrekrar starfsemi í Skagafirði, s.s. koltrefja- og basalttrefjaframleiðslu og gagnaversiðnaði.
- Unnið verði áfram að fjölgun starfa í Skagafirði og stutt við sprota- og frumkvöðlastarfsemi á svæðinu.
- Stuðlað verði að enn frekari nýtingu auðlinda, s.s. heits vatns, til atvinnusköpunar vítt og breytt um héraðið.
- Lokið verði vinnu sem nú er í gangi með heimamönnum við að finna nýtt hlutverk fyrir Sólgarðaskóla með það að markmiði að skapa atvinnu innan svæðisins til frambúðar, fari svo að ekki verði grundvöllur fyrir starfrækslu skólans vegna nemendaskorts.
- Hafist verði handa við uppbyggingu menningarhúss á Sauðárkróki við Safnahús Skagfirðinga. Mun það innihalda leikhús, sýningarsali og varðveislurými fyrir Byggðasafn, Héraðsskjalasafn, Listasafn og Héraðsbókasafn Skagfirðinga, ásamt því að hýsa skrifstofur og aðra vinnuaðstöðu safnanna í Skagafirði. Skal framkvæmdum lokið á kjörtímabilinu.



Atvinnu- menningar- og kynningarmál frh.

- Framtíðarskipulagi safnsvæðisins í Glaumbæ verði lokið og í framhaldinu hafnar framkvæmdir þar við nýja og glæsilega þjónustumiðstöð fyrir Byggðasafn Skagfirðinga sem hæfir faglegri starfsemi safnsins og þessum vinsæla viðkomustað innlendra sem erlendra ferðamanna.
- Stutt verði við menningarlíf um allt hérað með öflugum hætti og þeir innviðir sem þegar eru til staðar nýttir í því skyni, s.s. félagsheimili og skólar.
- Ráðast þarf í markaðs- og kynningarátak fyrir Skagafjörð. Auglýsa þarf Skagafjörð sem ákjósalegan kost til búsetu og aðdráttarafl fyrir ferðamenn.



Þetta ætlum við að gera næstu fjögur árin í Skipulags- og byggingarmálum

- Í tengslum við endurskoðun á gildandi aðalskipulagi verði unnin sérstök stefnumörkun fyrir atvinnu- og byggðapróun í Sveitarfélaginu Skagafirði í samvinnu við heimamenn á hverju svæði. Unnið verði markvisst að því að ná þeim markmiðum fram með því að tryggja að nauðsynlegir innviðir séu til staðar á hverju svæði fyrir sig, veita sérfræðiaðstoð og leitast við að finna og tengja saman lykilaðila.
- Tryggja þarf nægt framboð íbúðalóða á Hofsósi, í Varmahlíð og á Sauðárkróki.
- Ljúka þarf vinnu við að færa skipulagsvald ríkisins á Hólum til sveitarfélagsins. Hólar verði skipulagslega eins og aðrir þéttbýliskjarnar í sveitarfélaginu.
- Vegna mikillar eftirspurnar verði hafin vinna við skipulag nýs íbúðahverfis á Sauðárkróki.
- Lokið verði gerð húsnæðisáætlunar fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð sem ætlað er að greina framboð og eftirspurn eftir margvíslegum húsnæðisformum og hvernig best sé unnt að mæta húsnæðisþörf til skemmri og lengri tíma.
- Unnið verði að heildarskipulagi opinna svæða í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins með tilliti til leikvalla og útivistarsvæða.
- Ráðist verði í íbúakosningu um framtíðarstaðsetningu tjaldsvæðis á Sauðárkróki.





Þetta ætlum við að gera næstu fjögur árin í Félags- og tómsundarmálum

- Tryggja þarf íbúum Skagafjarðar aðgang að öflugri félagsþjónustu og að allir aldraðir íbúar sveitarfélagsins njóti lögbundinnar þjónustu.
- Tryggja þarf gott samstarf á milli sveitarstjórnar og öldungaráðs í málefnum aldraðra.
- Ráðast í samstarf við velferðarráðuneytið um uppbyggingu hjúkrunarrýma á Sauðárkróki á kjörtímabilinu.
- Vinna skal að því að gera Skagafjörð að enn barnvænna samfélagi með því að vinna markvisst að því að uppfylla réttindi barna í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Tryggja þarf virkt ungmennaráð og fara í átak í forvörnum barna og unglinga.
- Lokið verði við yfirstandandi framkvæmdir við Sundlaug Sauðárkróks en í þeim felst endurgerð og lagfæring núverandi mannvirkja. Í beinu framhaldi verði ráðist í næsta áfanga verksins sem er stækkun svæðisins í formi m.a. nýrra setlauga og rennibrauta.
- Ráðist verði í lagfæringar á Sundlauginni á Sólgörðum og unnið að framtíðarskipulagi hennar með það að markmiði að laugin verði fjölskylduvæn og aðlaðandi fyrir þá gesti sem vilja einkum og sér í lagi njóta yndisferðamennsku (e. slow tourism).
- Hafnar verði framkvæmdir við íþróttahús á Hofsósi.
- Komið verði upp útikörfuboltavöllum í Varmahlíð og á Hofsósi.
- Haldið verði áfram uppbyggingu skíðasvæðisins í Tindastóli.
- Mikilvægt er að öll börn í sveitarfélaginu eigi þess kost að stunda íþróttir. Forvarnagildi íþróttar hefur margsannað sig. Í því skyni verði greiðslur „hvatapeninga“ hækkaðar en þeim er ætlað að auka jöfnuð og fjölbreytileika íþróttar-, lista- og tómsundastarfs.
- Leitað verði leiða til að samræma akstur vegna skóla og íþróttaiðkunar þannig að sem flestum börnum gefist kostur á að æfa íþróttir.
- Sveitarfélagið Skagafjörður verði Heilsueflandi samfélag sem leggur áherslu á að heilsa og líðan allra íbúa sé höfð í fyrirrúmi í allri stefnumótun og á öllum sviðum.





Þetta ætlum við að gera næstu fjögur árin í Fræðslumálum

- Halda þarf áfram því metnaðarfulla starfi sem unnið er í leik- og grunnskólum Sveitarfélagsins Skagafjarðar.
- Gjaldskrár leik- og grunnskóla Skagafjarðar verði áfram lágar og hækkanir ekki umfram verðlagsþróun. Gjaldskrár forgangshópa í leikskólum verði endurskoðaðar til lækkunar.
- Leysa þarf vanda varðandi aðstöðu fyrir dagforeldra og koma þannig til móts við mikla þörf á dagvist ungra barna.
- Ráðist verði í byggingu nýrrar deildar við yngra stig leikskólans á Sauðárkróki.
- Lokið verði við fullhönnun nýs leikskóla á Hofsósi á árinu 2018 og framkvæmdin boðin út. Jafnframt verði hönnun breytinga á Grunnskólanum austan Vatna á Hofsósi lokið og framkvæmdir við hann hafnar í beinu framhaldi af verklokum framkvæmda við leikskólann. Þessar framkvæmdir styrkja skólaeininguna á Hofsósi til framtíðar.
- Huga þarf að framkvæmdum í leik- og grunnskólanum í Varmahlíð og taka ákvörðun í samráði við foreldra, starfsmenn og aðra íbúa svæðisins um hvernig skólalaldi þar verði háttað í framtíðinni. Í kjölfarið verði unnið að fullnaðarhönnun framtíðarhúsnæðis skólanna.
- Undirbúnar verði endurbætur á A-álmú Árskóla og ráðist í hönnun viðbyggingar fyrir tónlistarskólann við núverandi skólahúsnæði Árskóla.
- Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki er lykilstofnun í héraði. Mikilvægi þess að ungmenni eigi kost að stunda nám í framhaldsskóla í heimabyggð verður seint metið til fulls. Mikilvægt er að skólanum sé tryggt fjármagn til að hann geti staðið undir þeim kröfum sem til hans eru gerðar.
- Vinna þarf í samráði við aðildarsveitarfélög Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra og ráðuneyti mennta- og menningarmála að því hvort grundvöllur sé fyrir nýrri viðbyggingu við skólann sem innihéldi fjölnota kennslurými. Vinna ber að uppbyggingu náms í fleiri greinum við skólann til að mæta þörfum atvinnulífsins og má þar nefna kennslu í mjólkurfræði.
- Standa ber vörð um Háskólann á Hólum. Sveitarfélagið Skagafjörður er eitt fárra sveitarfélaga á landinu sem státar af öllum skólastigum, frá leikskóla upp í háskóla. Slíkt er ómetanlegt fyrir samfélagið og mikilvægt að Háskólinn á Hólum fái tækifæri til að eflast í komandi framtíð.





Þetta ætlum við að gera næstu fjögur árin í Umhverfis- og samgöngumálum

- Almenn sorpflokkun í dreifbýli Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefjist eigi síðar en haustið 2018.
- Lokið verði við sorpmóttökusvæði í Varmahlíð á árinu 2018 og sorpmóttökusvæði á Hofsósi á árinu 2019. Svæðin verði afgirt og læst en með mannaðri þjónustu á auglýstum opnunartíma.
- Unnið verði áfram að fegrun þéttbýliskjarna og dreifbýli sveitarfélagsins. Ákveðnum fjármunum verði á hverju ári varið í hreinsunar- og feagnarátak. Forgangsröðun í hverjum þéttbýliskjarna verður í höndum íbúanna með kosningu í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins.
- Unnið verði að uppbyggingu og fegrun gamla bæjarins á Sauðárkróki og hann skipulagður heildstætt á kjörtímabilinu, frá Kirkjutorgi að gamla rafstöðvarhúsinu í samræmi við verkefnið Verndarsvæði í byggð.
- Unnar verði tillögur í samráði við íbúa Hofsóss og Varmahlíðar um hvernig best sé að byggja upp svæðin í kringum Grafarós, ós Hofsár og Reykjahól.
- Stutt verði við uppbyggingu Siglingaklúbbsins Drangeyjar og annarra aðila sem vilja koma að svæðinu í kringum smábátahöfnina og tengingu hennar við Aðalgötu.
- Farið verði í viðræður við samgönguyfirvöld um að tryggja viðhald safn-, tengi- og þjóðvega um allt héraðið. Einnig um að reglur um vetrarþjónustu (hálkuvarnir og mokstur) verði endurskoðar með þarfir íbúanna í huga, s.s. hvað varðar skólaakstur og akstur til og frá vinnu.
- Sveitarfélagið þrýsti á stjórnvöld um gerð jarðganga úr Skagafirði yfir í Eyjafjörð sem styrkja Mið-Norðurland sem eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Jafnframt verið unnið að gerð jarðganga á milli Fljóta og Siglufjarðar. Báðar framkvæmdir fari á samgönguáætlun fyrir árin 2019-2030.
- Hönnunarvinnu við útivistarsvæðið í Litla-Skógi verði lokið og unnið að frekari merkingum gönguleiða þar og í Skógarhlíð.
- Leitað verði leiða til að stöðva útbreiðslu skógarkerfils í Sveitarfélaginu, m.a. í samvinnu við sérfræðinga Náttúrustofu Norðurlands vestra.
- Rafhleðslustöðvum innan sveitarfélagsins verði fjölgað og skipulagi annarra innviða háttað þannig að þeir geti stuðlað að fjölgun rafbíla.





Þetta ætlum við að gera næstu fjögur árin í Landbúnaðarmálum

- Sveitarfélagið á að standa vörð um hagsmuni bænda enda landbúnaður einstaklega mikilvægur þáttur í atvinnulífi héraðsins.
- Halda þarf merki Skagafjarðar á lofti sem eins öflugasta matvælaframleiðsluhéraðs landsins. Við eigum að vera í fararbroddi við að kynna „mat úr héraði“ (e. local food) undir merkjum Matarkistunnar Skagafjarðar. Matarkistan hafi forgöngu um að tengja saman stóra sem smáa framleiðendur og gera framleiðsluvörur þeirra aðgengilegar fyrir gesti og heimafólk.
- Sveitarfélagið Skagafjörður hafi forgöngu um að matvæli sem framleidd eru í Skagafirði séu notuð í stofnunum sveitarfélagsins.
- Stutt verði við eflingu hestamennsku í Skagafirði sem atvinnugreinar. Tryggja þarf áframhaldandi uppbyggingu kennslu- og mótssvæðis á Hólum í Hjaltadal fyrir nemendur og hestamenn og gerður verði samstarfssamningur á milli ríkisins, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Hestamannafélagsins Skagfirðings um nýtingu svæðisins.
- Áfram verði unnið að uppbyggingu reiðvega í Skagafirði í samvinnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Hestamannafélagsins Skagfirðings.
- Hefja þarf viðræður við samgönguyfirvöld um að tryggja girðingar meðfram vegum innan marka sveitarfélagsins með umferðaröryggi íbúa og annarra ökumanna að leiðarljósi.
- Stuðlað verði að því að nýjasta tækni og aðferðir séu notuð við gangnaskil með það að markmiði að nýta mannafla sem best, fækka fjallaferðum, lækka kostnað og tryggja að sem allra flestar skepnur skili sér af afréttum á tilsettum tíma. Í því skyni verði skoðaðar ýmsar leiðir, s.s. með sameiginlegu útboði á drónum, talstöðvum o.fl. og að haldin verði námskeið í notkun þessara tækja.





Þetta ætlum við að gera næstu fjögur árin í Veitumálum

- Halda skal áfram að hitaveituvæða þá hluta dreifbýlis í Sveitarfélaginu Skagafirði sem raunhæft er að leggja heitt vatn um.
- Áfram verði unnið að lagningu á heitu vatni um Óslandshlíð, Hjaltadal og Viðvíkursveit. Svæðið verður tekið í áföngum á næstu 3-4 árum en verkhraði mun meðal annars ráðast af aðgengi að heitu vatni.
- Lokið verði við lagningu heits vatns í Hegrnesi á árinu 2019. Jafnframt verði skoðað í samráði við íbúana hvort raunhæft sé að leggja kaldavatnslögn samhliða framkvæmdinni.
- Á kjörtímabilinu verði lokið við að leggja heitt vatn í Efribyggð og hluta af Reykjarströnd samkvæmt áður kynntum hugmyndum.
- Þau lögheimili í dreifbýli sem eru á svæðum sem ekki eiga kost á heitu vatni verði styrkt sérstaklega til fjárfestinga í annars konar orkunýtingu, s.s. til kaupa á varmaskiptum.
- Ljósleiðaravæðingu dreifbýlis í Skagafirði verði lokið fyrir árslok 2020.
- Haldið verði áfram að þrýsta á stjórnvöld um að hraða þrífösun rafmagns í Sveitarfélaginu Skagafirði á þeim svæðum sem eftir er að klára



Þetta ætlum við að gera næstu fjögur árin í Fjármálum

- Hjá sveitarfélaginu verði viðhöfð ábyrg og gegnsæ stjórnsýsla líkt og undanfarin ár og öll framtíðarstörf auglýst eins og verið hefur.
- Í ljósi hækkunar á mati fasteigna í Sveitarfélaginu Skagafirði verði ráðist í endurskoðun á einstökum gjaldskrárliðum fasteignagjalda.
- Áfram verði sýnt aðhald og ábyrgð í rekstri sveitarsjóðs. Undir forystu Framsóknarflokksins hefur verið rekin ábyrg fjármálastjórn sem hefur skilað sér í mikilli innviðaupbyggingu á sama tíma og skuldahlutfall sveitarsjóðs hefur lækkað. Til að hægt sé að halda áfram þeirri uppbyggingu sem boðuð hefur verið er lykilforsenda að rekstur sveitarsjóðs sé í jafnvægi.

